

þessa máls, B. H. Bjarnason, á að greiða hinum stefnda O. J. Haldorsen málskostnað fyrir yfirdómi með 10 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birting hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 29. aprilmán.

Nr. 7/1889

Björn Guðmundsson

gegn

Gesti Pálssyni og

Birni Jónssyni.

D ó m u r :

Með sátt, er gjörðist fyrir sættanefnd Reykjavíkur 5. apríl 1887, skuldbatt stefndi Gestur Pálsson sig til að greiða stefnanda skuld nokkra, 156 kr. 30 a., þannig, að helmingur skuldarinnar, 78 kr. 15 a., skyldi greiddur innan útgöngu ársins 1888, en hinn helmingurinn síðar innan tilnefnds tíma. Þessi sátt var síðan þinglesin á varnarþingi stefnda, bæjarþingi Reykjavíkur, 21. apríl næst á eptir. Í janúarmánuði 1889 hafði stefndi enn eigi greitt fyrri helming skuldarinnar, og krafðist þá stefnandi fjárnáms samkvæmt nefndri sátt í lausafjármunum nokkrum, er stefndi átti, en lausafjármunir þessir höfðu verið veðsettir 4. jan. 1888 Birni ritstjóra Jónssyni, sem einnig hefur verið stefnt í máli þessu, og Kristjáni yfirdómara Jónssyni, og mætti Björn Jónsson er fjárnámið átti fram að fara og mótmælti því að það færi fram. Stefnandi hjelt þó fram kröfu sinni um fjárnám og studdi hana með því, að sættin, sem hann beiddist fjárnáms eptir, væri bæði samín og þinglesin

fyr en greind veðsetning var stofnuð og gæti hann því krafizt fjárnáms í lausafjenu, þó veðsett væri, samkvæmt N. L. 1.—22.—28. sbr. 5.—3.—33. Um ágreining þann, er þannig var fram kominn, kvað fógetinn síðan upp þann úrskurð, 19. jan. þ. á., að fjárnám það, er stefnandi hafði krafizt, skyldi eigi fram fara, en úrskurði þessum hefur stefnandi síðan áfrýjað til yfirrjettarins og krafizt þess þar, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og honum breytt þannig að fjárnám verði framkvæmt í hinum veðsettu munum stefnda Gests Pálssonar, og hann dæmdur til að greiða allan af fjárnámsgjörðinni og áfrýjuninni leiðandi og leiðdan kostnað eptir mati rjettarins. Stefndi Gestur Pálsson hefur aptur á móti krafizt þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og sjer tildæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Úrslit máls þessa eru undir því komin, hvort álitid verður, eins og stefnandi vill halda fram, að N. L. 1.—22—28 og 5—3—33 sjeu gildandi lög hjer á landi að því leyti sem með þeim er ákveðið, að maður, sem dæmdur hefur verið til fjárútláta, eða — samkvæmt tilsk. 10. júlí 1795 43. gr., — sem hefur með sátt skuldbundið sig til fjárgreiðslu, geti eigi afsalað eða veðsett eigur sínar svo að dómhafa eða sáthafa sje með því varnað fjárnáms í þeim. Nefndum greinum norsku laga hefur að vitund rjettarins aldrei verið beitt hjer á landi eða þær verið álitnar hjer gildandi að því leyti, sem hjer ræðir um, að minnsta kosti, og rjetturinn fær eigi heldur sjeð, að þær hafi nokkurn tíma lögleiddar verið hjer á landi. Lagaboð það, er lögleiðing þeirra ætti helzt að byggjast á, er konungsbrjef 2. maí 1732, er ákveður, að fara skuli eptir norsku lögum hjer á landi að því er snertir rjettargang og málarekstur (forsaavidt

Formaliteten og Processernes Maade angaar), en löginn sýna það einmitt sjálf með stað þeim sem grundvallar-ákvörðuninni í þessu efni, *banninu* gegn því að dæmji o. s. frv. afsali eða veðsetji, er valinn í lögnum, nefnil. í 5—3—33, að ákvörðun þessi snertir eigi að áliti lög-gjafans rjettargang og málarekstur, þó að afleiðingarnar af ákvörðuninni sjeu einnig teknar fram í 1. bók lag-anna, þar sem rætt er um rjettargang og málarekstur. Það styrkir einnig eigi lítið þá skoðun, að nefndar greinir norsku laga sjeu eigi gildandi hjer á lanli, að eigi hafa verið lögleiddar hjer síðari breytingar á greinum þessum, er lög urðu í Danmörku, hvorki opið brjef 18. jan. 1788 nje opið brjef 27. nóv. 1839.

Samkvæmt því er nú hefur sagt verið er rjettur-inn samdóma fógetanum um, að rjett hafi verið að neita um fjárnám það er stefnandi hafði krafizt í hinu veðsetta lausafje stefnda Gests Pálssonar, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð. Málskostnaður virð-ist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður á óraskaður að standa. Málskostnaður falli niður.

Nr. 25/1889.

Rjettvísinn
gegn
Einari Jósepssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Sudurmúlasýslu, uppkveðnum 7. sept. f. á., var hinn ákærði Einar Jósepsson í Tóarseli á Breiðdal dæmdur fyrir kindapjófnað samkvæmt